

**Sp. 443. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]**  
um íþróttahús Menntaskólans við Hamrahlíð.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Þórarinn Þórarinsson, Jón Snorri Þorleifsson,  
Bjarni Guðnason, Halldór S. Magnússon, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að byggingu íþróttahúss fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð.

**Greinargerð.**

Við Menntaskólann við Hamrahlíð stunda um 1200 nemendur nám. Þessi stóri hópur hefur enga aðstöðu til íþróttaiðkana við skóla sinn. Er þetta eini menntaskólinn í borginni, sem hefur engan leikfimisal til afnota fyrir nemendur sína. Ljóst er, að þessi stóri hópur fer af þessum sökum á mis við þá heilsuvernd og hressingu, sem hóflegar íþróttir veita.

Vorið 1972 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um sameiginlegt íþróttahús fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð og Hlíðaskóla. Eftir athugun þess máls þótti yfirvöldum menntamála slík tilhögun ekki henta vegna stærðar skólanna. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur þörfin fyrir íþróttaaðstöðu síst minnkað, en ekkert verið aðhafst af hálfu ríkisvalds til lausnar þessum vanda.

Þar sem menntaskólarnir eru ríkisskólar, verður ekkert skref stigið í þessu máli án atbeina ráðherra og síðar fjárveitingarvalds ríkisins. Því er þessi tillaga flutt.

Það er von flutningsmanna, að undirbúningur þessarar byggingar komist á þann rekspól fyrir næsta haust, að unnt verði að gera ráð fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til að hefja framkvæmdir á næsta ári.